



Stjórnarfundur FÍSOS 8. september 2021, kl. 11:00 – 12:00

Mætt á Teams: Aníta Elefsen, Gunnþóra Halldórsdóttir, Hjörtur Þorbjörnsson, Ingibjörg Áskelsdóttir, Jón Allansson, Sigríður Þorgeirsdóttir og Þóra Sigurbjörnsdóttir.

1. Samstarfsverkefni við Rúmeníu

- a. Stjórn FÍSOS samþykkir að taka áfram þátt í verkefninu. Útskýring er hér í tölvupósti frá Helgu Maureen Gylfadóttur, dagsettur 5. júlí 2021:

“Uppbyggingasjóður EES – Rúmenía og FÍSOS – *Sinele. Muzeul în continuă transformare/ 5 rings*

Stjórn FÍSOS samþykkti að ganga til formlegs samstarf við Dragos Neamu hjá Noaptea Muzeelor și Museums Meet Museums í Rúmeníu í apríl 2019 og var gengið frá umsókninni í EES sjóðinn í júní 2020. Dragos hefur setið í stjórn NEMO og óskað eftir samstarfsafni á Íslandi fyrir styrkumsókn í EES. Stjórn FÍSOS sendi erindi hans á safnlistann en ekkert safn hafði tök á að taka þátt. Því varð úr að FÍSOS gerðist samstarfsaðili að verkefninu.

Lýsing Dragos á verkefninu: „*Basically, we have an old Water Tower, a heritage site, which will be transformed by us, together, in a museum according to the vision we designed. The tower is named for now the Art Castle. Each ring will have a thematic exhibition and a common issue for all of them - WATER. We will have also a collaborative space for meeting, innovation and experiment, an online Creative studio cafeteria and art-shop. The management of this museum will be an entrepreneurial one because it is an eligibility condition. It will be a creative museum, which will bet on the relation with the creative eco-system, relevant for the community, with a strong digital and techs agenda.*“

Þátttaka FÍSOS felst í því að taka á móti sendinefnd frá Rúmeníu og sýna þeim söfn og sýningar á Íslandi. Einnig að heimsækja safnið í Rúmeníu tvisar og taka þátt í hugmyndavinnu vegna stofnun hins nýja safns. Ráðgert er að verkefnið verið unnið á árinu 2021. Fjárhagslegur kostnaður FÍSOS við þátttöku í verkefninu er enginn.

Þegar unnið var að umsókninni fyrir ári síðan þá á FÍSOS að fá: „Icelandic Association of Museums will receive 55.000 EUR in the project, plus all the travel expenses in Romania for the Icelandic contributors in the project according the draft.“

2. Farskólinn – staða

- a. Skipulag gengur vel. Dagskráin tilbúin. Um 110 skráðir þegar þetta er ritað. Farskólastjórn mun ekki skipuleggja rútu frá höfuðborgarsvæðinu, farskólanemar sjá sjálfir um að koma sér á staðinn.

3. Aðalfundur og stjórnarkjör

- a. Boða skal til aðalfundar með tveggja vikna fyrirvara. Embætti til endurkjörs í ár: varaformaður (Gunnþóra, ætlar ekki að halda áfram), varamaður (Hjörtur, til í að vera áfram), gjaldkeri (Jón Allans, til í að vera áfram, og ritari (Ingibjörg, óviss).

4. Kvistur - staða og fyrirhuguð útgáfa

- a. Fyrirspurn frá Kvisti um að FÍSOS styrki útgáfuna um 300.000 kr. fyrir forsíðurteikningu. Samþykkt. Sent verður formlegt erindi á FÍSOS vegna málsins.
- b. Efni í blaðið er að berast þessa dagana, en lokadagur skila er 15. September. Útgáfa ætti því að nást fyrir farskóla.
- c. 1000 kr. af árgjaldi rennur beint í Kvist.

5. Umsóknir í safnasjóð 2022

- a. Safnadagur



- b. Kvistur
- c. Farskóli
- d. Íslensku safnaverðlaunin

6. Nýtingarskýrslur til safnasjóðs, hvað stendur út af?

- a. Búið er að skila öllum skýrslu úr úthlutun 2019. En ekki hafa neinar skýrslu verið sendar vegna úthlutunnar 2020. Það eru skýrslur vegna:
 - b. Námskeið fyrir safnafólk á Norðurlandi: Varðveislu safngripa á sýningum með áherslu á uppsetningu þeirra fyrir safnafólk. Ekki lokið, vegna COVID.
 - c. Farskóli FÍSOS 2020 – Vestmannaeyjar (breytt en lokið)
 - d. Alþjóðlegi safnadagurinn 18. maí 2020 – Lokið
 - e. Safnablaðið Kvistur - Lokið

7. Önnur mál

- a. Skipaður fulltrúi í Safnaráð frá FÍSOS er óhæfur ef hann kemur frá viðurkenndu safni. Reglurnar óskýrar, mikilvægt að ræða þetta við ráðið. Senda erindi á Safnaráð? Hvaðan koma vinnureglurnar?
- b. Fyrirspurn frá Birni G. Björnssyni; leggja niður félagsgjöld til eldri borgara? Þessu verður ekki breytt, hefur verið rætt áður innan stjórnar. Félagið eru félagasamtök fyrir söfn og það fólk sem þar starfar. Mörg söfn eru með frítt fyrir eldri borgara. Einnig er áskrift af Kvisti hluti af félagsgjaldinu og ekki réttlátt að aðrir félagsmenn greiði þá áskrift fyrir alla félagsmenn eldri en 67 ára.
- c. Könnun á stöðu safna? Á vegum FÍSOS? Til þess að afla sér tölulegra heimilda um söfnin í landinu, aðrar en þær sem að Safnaráð aflar.